



Fundargerð

234. fundur stjórnar HEF ehf haldinn á Hótel Héraði, fimmtudaginn 18. janúar 2018 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Umfjöllun um fráveitumál
2. Innkomin erindi
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Umfjöllun um fráveitumál

Umræða um fráveitumál á Fljótsdalshéraði sem hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanfögnu. Framkvæmdastjóri fór yfir það sem verið hefur til umfjöllunar og leggur til að haldinn verði áður áformaður almennur kynningarfundur þar sem kynnt verða áform um fyrirhugaðar framkvæmdir í fráveitumálum til framtíðar.

Samþykkt að boða þennan fund 1. febrúar n.k. kl. 17:00 á Hótel Héraði.

2. Innkomin erindi

a) Lögð er fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning á vinnslustigi. 1. desember 2017.

Óskað er umsagnar HEF um breytingu á íbúðarbyggð í blandaða byggð við götuna Lagarfell næst Þjóðvegi 1.

Sigríður Sigmundsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við breytinguna.



b) Lögð fram lýsing Deiliskipulags – Eyvindará athafnasvæði dags 20.12.2017 og óskað umsagnar um dreifikerfi vatns- og hitaveitu.

Stofnlagnir eru ekki fyrir hendi á þessu svæði og ekki fyrirhugað á framtíðaráætlunum veitunnar að fara í lagnaframkvæmdir í þessu svæði.

c) Lögð er fram ársskýrsla HAUST dags. 11.01.2018 vegna eftirlits með vatnsveitum HEF ehf. 2017.

Undir þessum lið sátu fulltrúar HAUST Helga Hreinsdóttir og Lára Guðmundsdóttir.

Helga fór yfir ferlið varðandi eftirlit og fyrirkomulag innra eftirlits. Athugasemdir eru gerðar varðandi innra eftirlit veitnanna. Fram kom hjá framkvæmdastjóra að verið er að ljúka við gerð eftirlitsbóka fyrir allar vatnsveitur á vegum HEF ehf.

Rætt um merkingar á vatnsverndarsvæði við Köldukvísl og óskað eftir úrlausn.

Rætt um breytta skilgreiningu á vatnsveitunni á Hallormsstað.

Rætt um mælingar og sýnatökur m.a. um mælingu á ph., ágreiningur er um aðferðarfræði við sýnatöku. Vitnað í reglur ESA.

d) Lögð er fram fundargerð frá HAUST með Bólholt ehf. varðandi mælingar og rekstur hreinsivirkja árið 2017.

Málið hefur verið í fjölmiðlaumræðu. Gunnar gerði athugasemdir vegna sjónvarpsviðtals við heilbrigðisfulltrúa. Fram kom hjá heilbrigðisfulltrúa hvernig samskipti eftirlits við starfsleyfishafa er háttáð. Spurningar og svör gengu á milli um virkni og sögulegar staðreyndir.

Fram kom að ný fráveitureglugerð er ennþá ókomin og nógildandi reglugerð er enn í gildi. Fram kom mikilvægi þess að minnka umframvatn í fráveitukerfunum sem verið hefur unnið að síðustu misseri og verður haldið markvisst áfram næstu ár.

Helga og Lára yfirlögðu fundinn kl 14:25.

e) Fram er lagt bréf dags 03.01.2018 og drög að samkomulagi vegna uppgjors á lífeyrisgreiðslum til Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitafélaga. Um er að ræða uppgjör, hlutdeild Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. á kröfu að upphæð um kr. 25,6 milljónir.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma með tillögu að afgreiðslu í samráði við endurskoðanda og stefnt að þetta verði leyst með lántöku svo hægt sé að standa við framkvæmda- og fjárhagsáætlun.



3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Fram er lagður tölvupóstur með fylgigögnum dags 21.12.2017 frá Iðnver ehf. um hreinsivirkið WPL_Diamond.
- b) Framkvæmdastjóri sagði frá miklum vatnsleka á iðnarsvæðinu í Miðási.
- c) Framkvæmdastjóri sagði frá vandamálum með ofanvatn neðan við Miðvang.
- d) HEF ehf. hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki.
- e) Vinna við nýja lagerhúsið gengur rólega vegna annarra verkefna.

4. Önnur mál

Ákveðið að halda stjórnarfund í hádeginu 31. janúar n.k.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 15:20.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson